

## REGLUGERÐ

167

17. nóv.

### um breyting á reglugerð nr. 162 1949, um þjóðleikhús.

#### 1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og gerir við þá ráðningarsamning, sbr. 4. gr. Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastaráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánudum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gildi áður.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius*

## G J A L D S K R Á

168

17. nóv.

### fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

#### I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 3.00 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 15.00 á ferm. á ári.  
— ganga, geymslur o. þ. h. .... — 4.00 á ferm. á ári.

##### B. Notkun til heimilisþarfa.

Um kwst.-mæli á kr. 0.80 hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 7.00 á mánuði, af hverju íbúðarherbergi, þar með talin eldhús. Geymslur og ganga skal ekki telja. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm. má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi, en 5 ferm. hálfu herbergi.

168

## C. Vélanotkun.

17. nóv. 1. Um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar og fiskþurrkunar o. þ. h. um kwst.-mæli á kr. 0.70 hverja kwst.
3. Um kwst.-mæli á kr. 0.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 800.00 á ári á hvert kw. mesta notaðs afls vélanna. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, skal fastagjaldið vera kr. 600.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
- Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforkunotkun til atvinnufyrirtækja.
4. Raforku til súgþurrkunar á heyi og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóvember má selja á kr. 0.60 hverja kwst.

## D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 0.45 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 0.35 hverja kwst., enda sé þá straumurinn rofinn í allt að 3 klst. á sólarhring, á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um kwst.-mæli á kr. 0.13 hverja kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til kl. 23.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur rafmagns samkvæmt 2. og 3. lið láti á sinn kostnað setja klukku-rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra. Þó má rafveitan leggja til rofa og annast viðhald þeirra, enda kosti notandi þá tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

## E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulýsingar við byggingar á meðan á byggingu stendur, á kr. 1.60 hverja kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar:
- a. Á kr. 0.85 hverja kwst., enda kosti notandi uppsetningu og viðhald lýsingarkerfisins.
- b. Á kr. 1.80 hverja kwst. Notandi kosti uppsetningu kerfisins, en rafveitan annist viðhald á sinn kostnað.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitunni þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en eitt ár í senn.

## II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri og er sú ákvörðun bindandi fyrir neytandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amper .....	kr. 4.00 á mánuði.	<b>168</b>
2. — þrífasa mælum upp að 50 amper .....	— 5.00 — —	17. nóv.
3. — — — 50 til 200 amper .....	— 12.50 — —	
4. — — — yfir 200 amper .....	— 18.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunngjald kr. 3000.00 og auk þess gjald miðað við fasteignamatsverð húsa, lands og lóða, sem hér segir: Af fyrstu 50 þús. kr. af fasteignamati greiðist 8 af hundraði. Af fasteignamatsverði yfir 50 þús. kr. greiðist 5 af hundraði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar yfir 25 metrar eða loflínuheimtaugar yfir 60 metrar, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafveitunefnd áætlað matsverðið með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjaldið í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugar eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt. Sé heimtaug ekki notuð, getur rafveitan tekið hana burtu eða krafizt þess, að notandi greiði lágmarksfjárhæð, kr. 1000.00 á ári til rafveitunnar, enda þótt raforku-notkun hans sé minni eða engin.

### IV. OPNUARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduropnun, allt að kr. 100.00 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 gjald til gjaldkera rafveitunnar.

Hreppsnefndinni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20 af hundraði án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreynti öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 61 26. marz 1956.

*Atvinnumálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*